

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

11. október 2007


## Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Nú liggja fyrir niðurstöður nýrrar könnunar Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur 400 stærstu fyrirtækja á Íslandi. Stuðst er við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin eru valin. Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Capacent Gallup. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 24. ágúst til 16. september 2007 og svarhlutfall var 62,6%. Alls tók 231 fyrirtæki þátt í könnuninni að þessu sinni en í endanlegu úrtaki voru 369 fyrirtæki.

Vísitala efnahagslífsins hefur lækkað frá síðustu könnun sem gerð var í maí úr 196,5 stigum í 189,5 stig. Stór meirihluti forráðamanna fyrirtækjanna telur aðstæður í efnahagslífinu góðar og aðeins 4,2% telja aðstæður slæmar að þessu sinni. Þótt vísitalan hafi lækkað er hún enn mjög há í sögulegu samhengi. Fyrirtæki í samgöngum, flutningum, ferðaþjónustu, byggingastarfsemi og veitum virðast vera jákvæðust um ástandið í efnahagslífinu en í þessum atvinnugreinum telur enginn að ástandið sé slæmt á meðan að fyrirtæki í sjávarútvegi eru nokkuð neikvæðari.

Bjartsýni um horfur í efnahagslífinu á næstu sex mánuðum virðist hafa minnkað, en vísitala efnahagslífsins sex mánuði fram í tímann hefur lækkað úr 106,5 stigum í 80. Þeim hefur því fjölgað sem telja að ástandið muni versna á næstu sex mánuðum frá því í maí síðastliðnum en telja þó flestir að ástandið muni verða óbreytt, eða um 62,4% svaraenda. Enn virðist skortur á starfsfólki vera að aukast, en þeim hefur fjölgað töluvert frá síðustu könnun sem telja að nú sé skortur á starfsfólki í fyrirtækjum sínum, eða úr 51,2% í 58,2% svaraenda. Þau fyrirtæki sem líða mestan skort á starfsfólki eru í ýmissi sérhæfðri þjónustu, verslun og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu, en viðsnúningur hefur orðið hjá fyrirtækjum í fjármála- og tryggingastarfsemi en skorturinn hjá þeim hefur minnkað úr 71% í 33% frá síðustu könnun. Vísitala starfsmannafjölda hefur lækkað frá síðustu könnun úr 193,9 í 157,1 stig, en nú eru mun fleiri fyrirtæki sem telja að starfsmönnum muni fækka á næstu 6 mánuðum.

Vísitala efnahagslífsins




## Vöruviðskipti í september

Innfluttar vörur í september námu 28,1 milljörðum króna á fob virði sem er 5,7% minna en í ágúst þegar flutt var inn fyrir 29,8 milljarða. Ef tekið er mið af sama mánuði í fyrra hafa innfluttar vörur, án skipa og flugvéla, dregist saman um 5,6% á föstu gengi. Útfluttar vörur í september námu 18,1 milljarði króna og var því vöruskiptahallinn 10 milljarðar sem er nokkur bati frá ágúst mánuði þegar hallinn nam um 12 milljörðum króna. Ef skoðaðir eru einstaka liðir innflutningsins má sjá að töluvert hefur dregið úr innflutningi fólksbifreiða en innflutningur annarra flutningjatekja stendur nokkuð í stað. Innflutningur á eldsneyti og smurolíum jókst mikið en þessi liður er jafnan mjög sveiflukennur milli mánaða. Aðrir liðir standa nokkuð í stað, verðmæti innfluttra hrá- og rekstrarvara minnkar lítillega en verðmæti mat- og

drykkjarvöru eykst. Sama má segja um verðmæti annarra neysluvara og munar þar helst um hálf-varanlegar neysluvörur (t.d. fatnað) en aftur á móti dregur úr innflutningi óvaranlegra neysluvara (t.d. lyf og tóbak). Það sem af er árinu hefur verðmæti innfluttra vara, án skipa og flugvéla, dregist lítillega saman miðað við á sama tíma og í fyrra eða sem svarar 0,9% á föstu gengi. Á næstu mánuðum má gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og draga muni lítillega úr verðmæti innfluttra vara á sama tíma og vöruútflutningurinn kemur til með að aukast samfara aukinni álframléiðslu.


Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla janúar 2003 – september 2007



## Um ástand á fasteignamarkaði

Í spám um þróun íbúðabygginga til lengri tíma hefur gefist vel að beita lýðfræðilegri greiningu á þróun mannfjölda í landinu, s.s. fjölda kjarnafjölskyldna og einstaklinga utan kjarnafjölskyldna. Í ramma-grein 4 í nýrri [þjóðhagsskýrslu](#) fjármálaráðuneytisins er meðfylgjandi mynd, en á henni sést fylgnin á milli fjölgunar íbúða og þróunar mannfjöldans. Undanfarin ár hafa frávik á milli tímaraðanna sýnt tilhneigingu til að minnka vegna þess að frambod af íbúðum hefur aukist hraðar en íbúum hefur fjölgað. Þótt fylgni milli tímaraða yfir tímabilið í heild sé mikil eru fleiri atriði, eins og tekjur, atvinnuástand og fasteignaverð, sem útskýra þróunina og ástand á fasteignamarkaði á hverjum tíma. Árin 1995 til 2000 var íbúðafjölgun vel umfram mannfjölgun. Á fyrri hluta tímabilsins var slaki á íbúðamarkaði og fasteignaverð hækkaði ekki umfram almennt verðlag. Frá árinu 1997 tók mannfjölgun að draga á íbúðafjölgun og fór síðan fram úr henni árið 2000. Þessi þróun kemur heima og saman við markaðsupplýsingar frá þeim tíma, en íbúðamarkaðurinn tók að lifna við frá 1997 með hækkan á verði íbúða. Línuritið sýnir að árið 2006 ríkti enn nokkur spennan á íbúðamarkaði þótt hún hafði farið minnkandi undanfarin ár.

Íbúðir og mannfjöldaþróun 1981–2006



## Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	14,9	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	29,7	17,6
Eignarskattar	-33,3	15,4
Skattar á vöru og þjónustu	10,5	8,2
Tryggingagjöld	15,5	6,6
Tekjur alls	12,2	15,8

## Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	-32,6	23,7
Heilbrigðismál	5,6	10,2
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	16,4
Efnahags- og atvinnumál	4,2	9,6
Menntamál	14,4	11,9
Gjöld alls	2,9	13,7

## Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	35.558	38.893
Hreinn lánsfjárfjöldunur	33.219	-23.767
Afborgun lána	-32.592	-36.443
Brúttó lánsfjárfjöldunur	-2.013	-62.849
Lántökur	25.247	57.515
Greiðsluafkoma	23.234	-5.334

## Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (október)	7,2	4,5
Kjarnaverðbólga (október)	7,1	5,0
Launavísitala (ágúst)	10,6	8,0
Heildarvelta (jan.-júni)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júni)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,2	0,9